

(Eftir 2. umr. í Ed., 22. apríl.)

Samhljóða þskj. 56 með þessum breytingum:

4. gr. hljóðar svo:

Leyfi til ættleiðingar verður veitt þeim einum, sem náð hefur 25 ára aldri, en þó má, ef sérstaklega stendur á, veita manni, sem orðinn er tvítugur, leyfi til ættleiðingar.

12. gr. hljóðar svo:

Nú tekur aðili, sem lögbær er um að láta uppi samþykki samkvæmt 7. sbr. 10. gr., aftur samþykki sitt, áður en gengið er frá ættleiðingarleyfi, og er þá yfirleitt eigi heimilt að gefa út leyfið. Veita má þó leyfi til ættleiðingar, þegar svona stendur á, ef barn hefur verið í fóstri hjá ættleiðingarbeiðanda eða þegar hagir barns mæla að öðru leyti eindregið með því, að það verði ættleitt, og afturköllun á samþykki styðst eigi við skynsamleg rök.

Nú fæst ekki samþykki lögbærs aðilja samkv. 7. og 10. gr., og er þá, ef alveg sérstaklega stendur á, heimilt að veita leyfi til ættleiðingar, ef þarfir barns mæla eindregið með því, enda fallist barnaverndarráð á þá skipan mála.

Nú hefur barni verið ráðstafað af barnaverndarnefnd, og má þá samkvæmt ósk nefndar og að fengnum meðmælum barnaverndarráðs leyfa ættleiðingu á barni, þótt samþykki samkvæmt 7. og 10. gr. sé ekki til að dreifa, að gættum skilmálum 2. málsg. r.

Áður en máli er ráðið til lykta samkv. 1.—3. málsg. r., skal leita umsagnar foreldra, sem láta skyldu uppi samþykki samkvæmt 7. gr. Einnig skal leita umsagnar foreldris, sem eigi þarf að samþykkja ættleiðingu, sbr. 8. gr., nema dómsmálaráðuneyti telji, að slíkt sé til tjóns fyrir barnið eða valdi varhugaverðum drætti á úrlausn máls.

15. gr. hljóðar svo:

Við ættleiðingu öðlast kjörbarn sömu réttarstöðu gagnvart kjörforeldrum, ættmennum þeirra og þeim, sem eru í kjörsifjum við þá, eins og væri það skilgetið barn kjörforeldra, nema lög mæli á annan veg. Frá sama tíma falla niður lagatengsl barnsins og kynforeldra þess, nema lög kveði annan veg á.

Nú ættleiðir aðili barn maka síns eða kjörbarn, og fær barnið þá réttarstöðu sem væri það skilgetið barn þeirra hjóna.

Kjörbarn kennir sig til kjörforeldra, nema kjörforeldri óski eftir því, að barn haldi fyrra kenningarnafni. Þó getur kjörbarn, sem náð hefur 12 ára aldri, ráðið því sjálft, hvort það haldi kenningarnafni sínu eða taki upp kenningarnafn annars kjörforeldris. Tilkynna skal presti um ættleiðingu barns og nafnbreytingu til færslu í kirkjubók. Sama gildir um niðurfellingu ættleiðingar.

26. gr. hljóðar svo:

Lög þessi taka gildi 1. janúar 1979.

Frá sama tíma falla úr gildi lög nr. 19/1953, um ættleiðingu, svo og lög nr. 33/1969 og lög nr. 58/1975, um breytingu á þeim.